

Mánudaginn 3. október 1932.

Nr. 54/1932. **Réttvísinn** (Garðar Þorsteinsson)  
 gegn

**Guðjóni Kristjánssyni** (Th. B. Líndal).

Þjófnaður.

*Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 28. jan. 1932:* Ákærði, Guðjón Kristjánsson, á að sæta sex mánaða betrunarhússvinnu. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður þegar 5 ár eru liðin frá uppsögn þessa dóms, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður, þar undir 30 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns G. Eggerz.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Eftir því sem upplýst er í málinu verður að telja, að ákærði hafi komizt inn í búð þá, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, með því að fara inn um brotna rúðu í hurðinni, sem var þá læst og á því lýsingin í 4. tölulið 231. gr. almennra hegningar laga við verknað hans. Þótt ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hann framdi brotið, virðist honum hafa verið það fyllilega ljóst, hvað hann var að aðhafast, sem og ráða má af því, að hann fól þá þegar þýfið eða nokkurn hluta þess í báli, sem hann var að vinna í um þessar mundir, og getur ölvun hans því ekki orðið til lækkunar refsingu hans. Samkvæmt þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til skýrslu hins áfrýjaða dóms um verknað ákærða ber að dæma hann til refsingar samkvæmt 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 3

mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um frestun á framkvæmd refsingarinnar og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo ber ákærða að greiða allan sakarkostnað fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, er ákveðast 60 kr. til hvors.

Það er athugavert við rannsókn og meðferð málsins í héraði, að dómarrinn, sem úrskurðaði ákærða í gæzluvarðhald, lætur þess ekki getið, hvernær hann lét ákærða lausan, að rannsókninni er í sumum atriðum ábótavant, einkum um gerð og læsingu hurðarinnar á umræddri búð, og að ákærði er dæmdur í 6 mánaða betrunarhússvinnu, sem óheimilt er samkvamt 2. málsg. 12. gr. hegningarlagna.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðjón Kristjánsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákvæði ins áfrýjaða dóms um frestun á framkvæmd refsingarinnar og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Ákærði greiði allan sakarkostnað fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, málaflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Theódórs B. Línal, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvisinnar gegn hinum ákærða, Guðjóni Kristjánssyni í París, hér, fyrir brot á 23. kap. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og 2. kafla laga nr. 51, 7. maí 1928.

Málavextir eru þeir, eftir því sem upplýst má telja með játningu ákærðs sjálfs og öðrum gögnum, að ákærði fór snemma um nóttina milli 21. og 22. október f. á. inn í verzlunarbúðina „Boston“, hér, með þeim hætti, að hann steig inn um rúðu í hurðinni, er hann segir, að hafi verið brotin. Tók hann úr opinni peningaskúffu þar kr. 43,50, sem vitað er um með vissu og auk þess af hillum í búðinni ýmiskonar vindlinga og reyktóbak. Þýfið fór hann sumpart með síðan heim til sín og sumpart út í v/b. „Ell-iðaeý“, sem hann þá var að vinna í. Þýfinu hefir hann skilað eigandanum og verður ekki talið nægilega upplýst eða sannað að það hafi verið meira.

Ekki verður eftir því, sem komið er fram í málinu, talið, að ákærði hafi brotið rúðu þá, sem um ræðir, eða haft undirbúning til þess að framkvæma þjófnaðinn, heldur verður hitt að telja líklegra, að hann hafi ekki verið fullkomlega með sjálfum sér, er hann framkvæmdi verknaðinn, þar eð sannað er að hann var ölvaður um það leyti.

Með þessu hefir ákærður gerzt brotlegur gegn 231. gr. 4. málslíð hinna almennu hegningarlaga, 25. júní 1869, og þykir refsing hans með hliðsjón af 40. gr. sömu laga og að hann hefir ekki sætt ákæru eða hegningu áður fyrir neitt brot á hegningarlöggjöf landsins, hæfilega ákveðin 6 mánaða betrunarhússvinna.

Fullnustu refsingar þessarar skal þó frestað skv. 4. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928 og 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907 og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef fullnægt er lögmæltum skilyrðum, þar eð ákærði hefir tregðulítið játað brot sitt og bætt fyrir það. Kostnað málsins greiði ákærði, sem orðinn er og verður, þar undir til hins skipaða talsmanns kr. 30,00.

Meðferð málsins virðist hafa verið lögum samkvæmt.